



Dalapósturinn

3. tölublað, 7. árgangur
26. mars 2014

Auðarskóli - skólaliði

Vegna forfalla vantar tímabundið skólaliða til starfa í grunnskóladeild Auðarskóla. Um er að ræða 75% starf.

Áhugasamir hafi samband við Eyjólf Sturlaugsson skólastjóra í síma 899 7037 eða á netfangið eyjolfur@audarskoli.is.

Sjálfböðavinnuverkefni

Til sjálfböðavinnuverkefna í Dalabyggð er til ráðstöfunar samkvæmt fjárhagsáætlun 2014 allt að 1 milljón króna. Framlöggin skulu nýtt til efniskaupa og vélavinnu.

Reglur um sjálfböðavinnuverkefni og umsóknareyðublöð eru á vef Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til 2. maí 2014. Byggðarráð afgreiðir umsóknir.

Almenn skilyrði fyrir úthlutun framlaga eru að umsækjandi eigi lögheimili í Dalabyggð, sé ekki í vanskilum við sveitarfélagið og að umsókninni fylgi lýsing á verkefni og kostnaðaráætlun.

Forsvarsmaður verkefnis skal hafa samráð við verkstjóra Dalabyggðar um framkvæmd verkefnisins.

Skilyrði fyrir greiðslum er að verkefnið sé unnið í samræmi við umsókn, greiðslur verða aldrei hærrí en framlögð áætlun og að greiðslur renna að jafnaði til þeirra aðila sem gefa út reikninga vegna vöru- eða þjónustukaupa.

Íbúar eru hvattir til að nýta sér þetta til að hrinda í framkvæmd brýnum umhverfisverkefnum í næsta nágrenni sínu.

Breytingar á sorphirðu í Dalabyggð

Sveitarstjórn hefur ákveðið, að höfðu samráði við Gámaþjónustu Vesturlands ehf. að almenn sorphirða frá heimilum verði á 14 daga fresti frá 1. apríl, þ.e. annan hvern þriðjudag.

Samhliða þessu verða gerðar breytingar á flokkunarstöðinni við Vesturbraut (gámavellinum) þannig að íbúar geta komið með flokkað sorp á öllum tímum sólarhrings og losað í svokallaða flokkunarkrá.

Með því að flokka sorp í helstu sorphlokka á ein sorptunna að nægja hverju heimili. Ef sú verður ekki raunin er mögulegt að panta aukatunnu. Gjald fyrir losun aukatunnu er 14.980 kr á ári samkvæmt gjaldskrá Dalabyggðar fyrir árið 2014.

Frá 1. apríl verður flokkunarstöðin opin tvo daga í viku, þriðjudaga 15–18 og laugardaga 11–14.

Nánari upplýsingar er að finna í síðasta Dalapósti og á heimasíðu Dalabyggðar

Rúlluplast

Breytingar hafa verið gerðar á söfnunardögum rúlluplasts. Næsta söfnun verður 9.-10. apríl og síðan 25.-26. júní.

Bönd og net þarf að setja sér í poka og mega þá fylgja með.

Bókasafn innheimta

Árgjald Héraðsbókasafns fyrir árið 2014 verður óbreytt frá fyrra ári, það er 1.000 kr. Hægt er að greiða árgjaldið á bókasafninu hjá bókaverði eða inn á reikning 0312-26-001818, kt. 510694-2019 og merkja það viðkomandi og bókasafni.

Eindagi árgjalds er 1. maí og eftir það verður greiðsluseðlar sendir út að viðbættum kostnaði.

Héraðsbókasafn Dalasýslu er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18.

Sumarstörf og föndur á Silfurtúni

Starfsfólk vantar í sumarafleysingar á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni nú í sumar og fram á haust.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum launanefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Einnig vantar aðila til að sjá um föndur fyrir heimilisfólk á Silfurtúni tvo daga í viku.

Nánari upplýsingar veitir Eyþór J. Gíslason rekstrarstjóri í síma 898 1251. Umsóknir sendist á netfangið silfurtun@dalir.is.

Söfnun sjúkraflutningaaðila

Sjúkraflutningsmenn í Búðardal hafa nú hafið söfnun fyrir sjálfvirku hjartahnoðtæki til að hafa í sjúkrabíl í Búðardal. Starfsmenn sjúkraflutninga Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi hafa staðið fyrir sambærilegri söfnun undanfarnar vikur með góðum árangri.

Tæki af þessari gerð hefur hlotið nafnið Lúkas, en þar er verið að vísa í að með notkun þess jafngildir það viðbótarmanni við endurlífgun. Tækið sér algjörlega um hjartahnoð án þess að þreytast eða vera fyrir öðrum við endurlífgunina. Það kæmi því í mjög góðar þarfir hér á okkar svæði þar sem flutningsleiðir eru langar. Þá verður einnig hægt að nýta það á heilsugæslu ef hjartastopp verður þar.

Sjúkraflutningsmenn í Búðardal munu nú leita til fyrirtækja, stofnana, félaga og einstaklinga með ósk um styrki til kaupa á hjartahnoðtæki og vonast eftir góðum undirtektum. Tækið kostar um tvær og hálf milljón króna.

Lúkas er kominn í sjúkrabíla á þremur stöðum á landinu; höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og Suðurnesjum. Á öllum þessum stöðum hafa fyrirtæki, félög og einstaklingar lagt fram fé til kaupanna.

Upplýsingar um bankareikning verða birtar á heimasíðu Dalabyggðar næstu daga.

Sjúkraflutningamenn í Búðardal

Hundahald í Búðardal

Af gefnu tilefni er minnt á að hundahald í Búðardal sætir nokkrum takmörkunum samanber samþykkt um hundahald í Dalabyggð.

Takmarkanirnar eru m.a. eftirfarandi

- eiganda er skylt að skrá hund sinn á skrifstofu Dalabyggðar
- eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi
- óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við, í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir þeim
- hundaeigendum er skylt að sjá svo um, að hundar raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skylt er leyfishafa að fjarlægja saur eftir hundinn
- hundeigendum er skylt að láta hreinsa hunda sína einu sinni á ári

Hundaleyfisgjald fyrir árið 2014 er 8.000 kr fyrir hvern hund, þ.e. óbreytt frá fyrra ári. Greiðsluseðill hefur verið sendur í heimabanka þeirra sem þegar hafa skráð hunda sína. Eindagi gjaldsins er 1. júlí 2014.

Sælingsdalslaug í aprílmánuði

1. apríl	þriðjudagur	17-20	15:30-17 eldri borgarar
2. apríl	miðvikudagur	18-22	
3. apríl	fimmtudagur	17-19	
8. apríl	þriðjudagur	17-20	15:30-17 eldri borgarar
9. apríl	miðvikudagur	18-22	
10. apríl	fimmtudagur	17-19	
14. apríl	mánudagur	17-21	
15. apríl	þriðjudagur	17-22	15:30-17 eldri borgarar
16. apríl	miðvikudagur	17-19	
22. apríl	þriðjudagur	17-20	15:30-17 eldri borgarar
23. apríl	miðvikudagur	17-20	
29. apríl	þriðjudagur	17-20	15:30-17 eldri borgarar
30. apríl	miðvikudagur	17-20	

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur
